

3. fundur skólaráðs Foldaskóla skólaárið 2020-2021 haldinn föstud. 21. jan. '21 kl. 8:20 (fjarfundur)

Mætt voru: Krístrún Guðjónsdóttir skólastjóri, Þórgunnur Stefánsdóttir aðstoðarskólastjóri, Karen Björk Guðjónsdóttir og Tinna Arnardóttir fulltrúar kennara, Sigrún Helga Jónsdóttir fulltrúi starfsfólks, Sverrir Óskar Elefsen fulltrúi foreldra, Áslaug Einarsdóttir fulltrúi grenndarsamfélagsins, Auður Árnadóttir, Auður Dís Kristjánsdóttir og Stefanía Guðrún Gunnlaugsdóttir fulltrúar nemenda.

Fundur var settur af skólastjóra og gengið til dagskrár.

Dagskrá

- Fundur með stjórn nemendaráðs
- Skólasóknarreglur
- Farið yfir ástand skólahúsnaðisins
- Önnur mál

Fundur með stjórn nemendaráðs

Einn skólaráðsfundur er hugsaður með nemendaráðinu. Áslaug Einarsdóttir forstöðumaður Fjörgynjar heldur utan um nemendaráð. Formaður er Auður Árnadóttir, varaformaður er Auður Dís Kristjánsdóttir og gjaldkeri Stefanía Guðrún Gunnlaugsdóttir.

Eftirfarandi atriði voru m.a. rædd:

Fulltrúar nemenda voru sammála um að þær aðstæður sem ríkt hefðu í samfélaginu sl. mánuði hefðu haft þau áhrif að margir myndu hversu góð samskipti séu mikilvæg. Stundum hafi þó verið erfitt að halda utan námið og erfitt að einangrast frá vinum. Rætt um að töluvert álag ríki nú í náminu en gott að hafa tæknina með í för.

Ungmennaráð Grafarvogs hefur fengið úthlutað styrk frá borginni sem nýttur er í gjafir til allra félagsmiðstöðva í hverfinu mánaðarlega. Verkefnið kynnt á Instagram og fleiri samfélagsmiðlum.

Umræða skapaðist um kynfræðsluverkefnið sem er samstarfsverkefni félagsmiðstöðvar, skólans og heilsugæslunnar. Nýjar birtingamyndir kynferðisofbeldis ræddar en Krístrún sendi nýlega tölvupóst á foreldra þar sem m.a. var upplýst um þetta. Eins komið inn á viku sex (6. vika ársins) en í þeirri viku verður áhersla lögð á kynfræðslu í skólum í Reykjavík. Verið er að útbúa fræðslumyndbönd.

Skólasóknarreglur

Verið að innleiða miðlægar skólasóknarreglur sem eru líkar þeim sem voru áður í Foldaskóla. Miða að því að stuðla að velferð nemenda og utanumhaldi. Reglurnar er að finna á <https://foldaskoli.is/skolinn/skolareglur/>

Í upphafi hvers skólaárs eru allir nemendur með fullnægjandi skólasókn. Óstundvísi/seinkoma er eitt fjarvistarstig og óheimil fjarvist er tvö fjarvistarstig. Gæta þarf jafnræðis og samræmis í viðbrögðum og taka tillit til aðstæðna og þarfa nemenda.

Forráðamönnum ber að tilkynna veikindi barna daglega fyrir upphaf skóladags. Tilkynna skal veikindin símleiðis til ritara skólans eða rafrænt í Mentor. Greining er gerð á forföllum allra nemenda mánaðarlega.

Forráðamönnum ber að sækja um leyfi fyrir börn sín með góðum fyrirvara ef sækja þarf um tímabundið leyfi. Ef um lengra leyfi en einn dag er að ræða skal sækja um það skriflega á þar til gerðu eyðublaði sem vistað er á heimasíðu skólans og tekur leyfið gildi þegar skólastjóri/staðgengill hans hefur samþykkt leyfið.

Leyfi frá skóla telst tímabundin undanþága frá skólaskyldu barns. Foreldrar bera ábyrgð á námi nemenda meðan þeir eru í leyfi .

Skólareglur hafa verið sendar á forráðamenn og umsjónarkennarar eru að kynna reglurnar fyrir nemendum þessa dagana.

Ástand skólahúsnæðisins

Eldvarnareftirlit, heilbrigðiseftirlit og vinnueftirlit koma reglulega og taka stöðuna og eins og er, er ástand skólahúsnæðis í gott. Öryggiskerfi og slökkvikerfi reglulega skoðuð.

Til stendur að skipta um þak á síðustu byggingunni í sumar. Fyrir liggur að opna á milli stofa á yngsta stigi. Til stendur að endurnýja stóla og borð í 1.- 3. bekk.

Önnur mál

Ekki komu fram mál undir liðnum önnur mál.

Næsti fundur í skólaráði verður 19. mars 2021.

Fundi slitið kl. 9:30
Þórgunnur Stefánsdóttir